



Fornleifavernd  
ríkisins



Ársskýrsla 2005

## **Efnisyfirlit**

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>3</b>
<b>Hlutverk</b>	<b>5</b>
<b>Umhverfismat</b>	<b>7</b>
<b>Skipulagsmál</b>	<b>9</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>11</b>
<b>Skráning fornleifa</b>	<b>15</b>
<b>Kirkjuminjar</b>	<b>17</b>
<b>Samstarf</b>	<b>19</b>
<b>Verkefni minjavarða</b>	<b>21</b>
<b>Fjármál</b>	<b>27</b>
<b>Útgáfa og miðlun</b>	<b>29</b>
<b>Starfsstöðvar og starfsfólk</b>	<b>33</b>



Gengið troðnar slóðir

## Ávarp forstöðumanns

Helstu vörður ársins 2005 voru að ráðnir voru tveir nýir sérfræðingar til stofnunarinnar, gerð var úttekt á ástandi fornleifaskráningar á Íslandi og unnið var að stefnumörkun í fornleifavernd.

Í janúar 2005 var ráðinn nýr starfsmaður, Sólborg Una Pálsdóttir, til að halda utan um mál stofnunarinnar sem lúta að fornleifaskráningu og upplýsingamiðlun um fornleifar á netinu. Starfsmaðurinn fékk aðstöðu hjá minjaverði Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Sveitarfélagið kom til móts við kostnað vegna þessa starfs fyrsta árið, en auk þess fékkst styrkur frá menntamálaráðuneytinu. Fyrsta verkefni hans var að gera grein fyrir stöðu skráningarmála fornleifa á Íslandi og gera úttekt á gagnagrunnum, þar með töldum gagnagrunninum Sarpi, en Fornleifavernd ríkisins hafði stefnt að því að láta skrá fornleifar inn í þann grunn. Niðurstaðan varð að sá grunnur hentaði ekki sem tæki fyrir stjórnsýslu fornleifamála, m.a vegna flókinnar eignar gagna og skráningar gagna inn í grunninn.

Það tæki sem stjórnsýslan þarf er landfræðilegur gagnagrunnur fyrir alla fornleifaskráningu í landinu sem er þannig hannaður að Fornleifaverndin geti nýtt hann sér til gagns án nokkurra hindrana.

Annað verkefni starfsmannsins var að hefja vinnu við gerð staðla sem fornleifafræðingar eiga að styðjast við vegna fornleifaskráningar.

Þá var ráðinn nýr minjavörður fyrir Austurland, Inga Sóley Kristjónudóttir, með aðsetur á Egilsstöðum. Minjavörðurinn hefur lokið BA- og MA-prófum í fornleifafræði frá háskólum í Svíþjóð og Danmörku og hefur reynslu af fornleifauppgreiftri og fornleifaskráningu.

Ráðinn hafði verið starfsmaður árið 2004 til að halda utan um stefnumörkunarkerfni í fornleifavernd og var unnið markvisst að því árið 2005. Fengist hafði

fjármagn frá menntamálaráðuneyti til að greiða hluta kostnaðar við verkefnið. Efnt var til fjölda funda með hagsmunaaðilum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, til að fá sýn á sjónarmið þeirra. Voru fundirnir gagnlegir og góðir.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins tók þátt í fjölda samstarfsverkefna, bæði innanlands og erlendis, eins og lesa má í skýrslunni. Auk þess flutti starfsfólkið fjölda fyrirlestra, kenndi í nokkrum námskeiðum á háskólastigi og skrifaði fjölda greina sem birtust víða.

Eitt brýnasta verkefni minjavörslunnar er að stuðla að því að fyrstu umferð skráningar fornleifa landsins á vettvangi ljúki á næstu árum. Er það von Fornleifaverndar ríkisins að yfirvöld veiti verkefninu brautargengi.



Kristín Huld Sigurðardóttir





Vörður varðar

## Hlutverk

Markmið þjóðminjalaga og hlutverk Fornleifaverndar ríkisins er að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim og greiða fyrir rannsóknum.



Fornleifavernd ríkisins er stjórnáslustofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin er staðsett á fimm stöðum; á Suðurgötu 39 í Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



Helstu verkefni stofnunarinnar eru þessi:

- Eftirlit með fornleifum, fornleifarannsóknum og gripum í kirkjum landsins.
- Leyfisveitingar vegna allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna.
- Stefnumörkun vegna skráningar fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa.
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna förgunar fornleifa.
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna flutnings og förgunar kirkjugripa.
- Friðlýsing fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa.
- Merking friðlýstra fornleifa.
- Umsagnir vegna skipulagsvinnu og umhverfismats.
- Umsagnir vegna friðunar og breytinga á húsum.
- Ráðgjöf um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja.
- Ráðgjöf vegna skráningar, rannsókna og varðveislu fornleifa.
- Leiðbeiningar vegna kostnaðaráætlana og framkvæmda rannsóknarverkefna.
- Útboð vegna fornleifarannsókna.
- Útgáfa skráa um friðlýstar fornleifar, kirkjugripi og minningarmörk.
- Stefnumörkun þjóðminjavörslunnar í samvinnu við þjóðminjavörð.

Fornleifavernd ríkisins starfar samkvæmt *þjóðminjalögum* nr. 107/2001, ákvæðum í lögum um *flutning menningarverðmæta til annarra landa* nr. 105/2001 og lögum um *húsafriðun* nr. 104/2001.



Við Arnarfell

---

## Umhverfismat

Menningarminjar eru einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Ein umsagnanna sem veitt var á árinu var um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi. Leiðinni var skipt í þrjá áfanga og innan hvers áfanga voru lagðir fram ólíkir valkostir að legu vegarins. Taka þarf tillit til fornleifa á öllum áföngum leiðarinnar. Í Teigsskógi í landi Grafar eru friðlýstar fornleifar. Það eru rústir Grím-kelsstaða og fornt akurgerði í svokölluðum Akraneshvammi.

Meðal annarra fornleifa, sem ýmist þarf að gæta að svo að þær raskist ekki á meðan á vegagerð stendur eða rannsaka vegna þess að þeim verður ekki forðað frá skemmdum, eru bæjarhólar, tóftir útihúsa, selja, stekkja og nausta, rétt, túngarðar og rústir húsa sem ekki er vitað til hvers voru nýtt.



Umsagnir eru unnar í höfuðstöðvum Fornleifaverndar í Reykjavík í samvinnu við minjaverði á viðkomandi svæðum. **Kristinn Magnússon** hefur yfirumsjón með málaflokknum hjá Fornleifavernd ríkisins.

Árið 2005 voru veittar 38 umsagnir um umhverfismatsskyldu framkvæmda og 7 umsagnir um umhverfismat. Skiptingu fjölda umsagna eftir landshlutum má sjá á töflu 1 og töflu 2.

Tafla 1

Umsagnir um umhverfismat 2005	
Vesturland og Vestfirðir	2
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	2
Austurland	3
Suðurland	0
Reykjanes	0
Reykjavík	0

Tafla 2

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2005	
Vesturland og Vestfirðir	6
Norðurland vestra	13
Norðurland eystra	11
Austurland	0
Suðurland	3
Reykjanes	5
Reykjavík	0





Flatey á Skjálfanda

---

## Skipulagsmál

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir.

Fornleifaskráning er heimilda- og vettvangs-könnun á fornleifum, lýsing á ástandi og gerð fornleifanna, aðstæðum og staðsetningu ásamt mati á aldri, hlutverki og tegund. Því fyrr sem fornleifaskráning fer fram því auðveldara er að taka tillit til fornleifanna við skipulag og framkvæmdir. Brýnt er því að sveitarfélög hafi lokið við skráningu á framkvæmdarsvæðum strax á aðalskipulagsstigi.

Tilgangur fornleifaskráningar er annars vegar að tryggja verndun menningararfsins og hins vegar að auðvelda bæði sveitarfélögum og Fornleifavernd að marka stefnu í minjavörslu. Í sumum tilvikum fara framkvæmdaraðilar fram á það að raska fornleifum vegna framkvæmda. Það er erfitt að taka afstöðu í slíkum málum þegar einungis brot af landinu hefur verið skráð. Auk þess ber sveitarfélögum að marka stefnu í umhverfismálum í skipulagsvinnu sinni og menningarmínjar eru vissulega hluti af umhverfinu. Sveitarfélagið getur ekki markað stefnu um mínjar sem fáir eða engir vita að eru til, í hvaða ástandi þær eru, né hveðrar tegundar þær eru. Sveitarfélagið þarf að hafa heildarmynd af menningarmínjum á sínu svæði og það verður ekki gert án fornleifaskráningar.



Yfirumsjón með skipulagsmálum hefur Agnes Stefánsdóttir.

Árið 2005 voru veittar 9 umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun þess (sjá töflu 3). Aðalskipulag er langtímaáætlun sveitarfélaga og því ekki þess að vænta að mörg aðalskipulagsmál komi til umsagnar Fornleifaverndar á ári hverju. Aftur á mót komu fjölmörg deiliskipulagsmál eða byggingarreitir til umsagnar Fornleifaverndar eða 137 talsins. Mikill munur er á milli minjasvæða (sjá töflu 4) en ástæðu þess má rekja til þess að vinna við aðalskipulag er skammt á veg komin á sumum svæðum auk þess sem töluverður munur er á fjölda framkvæmda eftir svæðum. Þá er einnig ljóst að nokkur mismunur er á því hversu mikla áherslu sveitarfélög leggja á verndun fornminja og samstarf við minjavörsluna.

Tafla 3

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2005	
Vesturland og Vestfirðir	4
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	0
Austurland	2
Suðurland	2
Reykjanes	1
Reykjavík	0

Tafla 4

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2005	
Vesturland og Vestfirðir	45
Norðurland vestra	21
Norðurland eystra	2
Austurland	8
Suðurland	39
Reykjanes	21
Reykjavík	1



Uppgröftur við Hrísheima

---

## Fornleifarannsóknir

---

Árið 2004 veitti Fornleifavernd ríkisins 37 leyfi til fornleifarannsókna en nú árið 2005 voru 41 leyfi veitt. Sem fyrr voru flest þessara leyfa veitt til hreinna vísindarannsókna. Ellefu rannsóknir, eða um 27%, voru neyðarrannsóknir vegna ýmiss konar framkvæmda svo sem bygginga og vegagerðar.

---

**Úlfarsá í Reykjavík.** Rannsókn á þremur meintum fornleifum í landi Úlfarsár. Rannsókn vegna framkvæmda. Forkönnun í landi Úlfarsár vegna íbúðabyggðar þar. Stjórnandi: James Stuart Taylor M.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Þingnes við Elliðavatn á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur.** Framhaldsrannsókn. Liður í þjálfun nemenda í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Rannsókn á meintum þingstað Kjalarnessþings. Stjórnandi Guðmundur Ólafsson fil.kand. Þjóðminjasafn Íslands.

**Aðalstræti 10 í Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Forkönnun á lóðinni við Aðalstræti vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Stjórnandi: Howell Magnús Roberts B.A. Fornleifastofnun Íslands ses. Áætlaður rannsóknartími: Unnið samhliða framkvæmdum sem hófust í febrúar 2005.

**Sæbraut við Laugarnes í Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Prufuskurðir. Stjórnandi: Hildur Gestsdóttir M.A. Fornleifastofnun Íslands ses.

**Hrísbrú og Leirvogur, Mosfellsbæ.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á kirkju og kirkjugarði við bæinn Hrísbrú í Mosfellsdal. Gerð verður fornleifakönnun í Leirvogi og teknir prufuskurðir. Stjórnandi Jesse Byock Ph.D., Cotsen Institute of Archaeology, UCLA.

**Nesstofa á Seltjarnarnesi.** Rannsókn á minjum umhverfis Nesstofu vegna framkvæmda. Stjórnandi: Guðmundur Ólafsson fil.kand. Þjóðminjasafn Íslands.

**Fornleifar nr. 117-118 í Reykjanesbæ.** Stjórnandi: Bjarni F. Einarsson fil. dr. Fornleifafræðistofan.

**Prestssetrið í Útskálum í Garði.** Könnunarannsókn til þess að athuga hvort að forn mannvistarlög reynist í sniðum skurðar vegna endurbóta á prestssetrinu. Stjórnandi Guðrún Alda Gísladóttir M.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Reykholtssel í Kjarrdal.** Seljabúskapur á miðöldum og fyrri hluta nýaldar. Verkefnið beinist að rannsóknum á seljum og gildi seljabúskapar fyrir stórbýli og reynt verður að svara spurningunni af hverju þau lögðust af. Stjórnandi: Guðrún Sveinbjarnardóttir Ph.D., University College London.

**Reykholt í Borgarfirði,** Borgarfjarðarsveit. Framhaldsrannsókn. Rannsókn á kirkju. Stjórnandi Guðrún Sveinbjarnardóttir Ph.D., Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands ses.

**Grettislaug á Reykhólum.** Markmið uppgraftarins er að afla upplýsinga um það mannvirki sem kallað er Grettislaug. Stjórnandi: Guðrún Alda Gísladóttir M.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Kuml hjá Brjánslæk á Barðaströnd.** Tilgangur rannsóknarinnar er að ganga annars vegar úr skugga um hvort meint kuml sé forn grafreitur og hins vegar hvort þúst á nesi fyrir norðan kumlið sé manngerð eða náttúru myndun. Stjórnandi: Adolf Friðriksson M. Phil., Fornleifastofnun Íslands ses.



**Kuml við Berufjörð á Barðaströnd.** Tilgangur rannsóknarinnar er að auka við heimildir um kumlategingana í Berufirði og reyna að bæta lýsingar á grafargerð. Fyrirhugað er að gera rannsóknir á einum fimm stöðum á kumla-teignum. Stjórnandi: Adolf Friðriksson M.Phil. Fornleifastofnun Íslands ses.

**Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði Vatnsfjarðar. Stjórnandi Ragnar Edvardsson M.A./M.Phil, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Strákatangi í Hveravík, Kleifum, Kaldraneshreppi.** Rannsókn á hvalveiðistöð Baska. Stjórnandi: Ragnar Edvardsson, M.A./M.Phil, Náttúrustofu Vestfjarða.

**Þústir á Reiðmel á Kálfsskinni á Árskógsströnd.** Tilgangur rannsóknarinnar er að rannsaka hvort þústir á Reiðmel séu kuml eða náttúrumyndun. Ef þústirnar reynast kuml verða þau rannsökuð nánar til þess að afla nákvæmra upplýsinga um kumlagerðir við reiðleiðir. Stjórnandi: Adolf Friðriksson M.Phil. Fornleifastofnun Íslands ses.

**Möðruvellir í Eyjafirði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Sniðskurður í garð við fyrirhugað vegarstæði í landi Möðruvalla. Stjórnandi: Howell M. Roberts B.A., Fornleifastofnun Íslands ses.



**Hrisey í Eyjafirði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Stjórnandi: Garðar Guðmundsson. Fornleifastofnun Íslands ses.

**Gásir við Eyjafjörð.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á verslunarstað frá miðöldum ásamt kirkju og kirkjugarði. Stjórnandi: Howell M. Roberts B.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Hrisheimar í landi Baldursheims, Skúta- staðahreppi.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, M.A./M.Phil, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Þingey í Skjálfandaflijóti.** Rannsókn á aldri og hlutverki sýnilegra fornleifa í Þingey. Einnig athugað hvort minjar leynist víðar en þar sem sjá má forn mannvirki á yfirborði. Stjórnandi Adolf Friðriksson M.Phil., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Þórutóftir á Laugafellsöræfum.** Tilgangur rannsókna er að setja kenningu um aldur og hlutverk Þórutófta. Áætlað er að grafa könnunarskurði í tóftina til þess að meta dýpt mannvistarlag. Stjórnandi: Orri Vésteinsson Ph.D., Háskóli Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Minjar í Skagafirði.** Framhaldsrannsókn. Minjar verða kannaðar með jarðsjá og jafnframt fornleifagrefti á nokkrum stöðum. Stjórnandi: John Steinberg Ph.D., UCLA,.

**Hólar í Hjaltadal. Framhaldsrannsókn.** Rannsókn á biskupsstólum Hólastað. Stjórnandi: Ragnheiður Traustadóttir fil.kand., Hólaskóli, Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga.

**Hofstaðir í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á skála. Stjórnandi Gavin Lucas Ph.D, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Sveigakot í landi Grænavatns í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði kotbýlis frá miðöldum. Stjórnandi: Orri Vésteinsson Ph.D, Háskóli Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Sandmúli, Bálsbrekka og Helgastaðir á Króksdal.** Uppmæling á rústum og grafnir könnunarskurðir. Stjórnandi: Orri Vésteinsson

Ph.D., Háskóli Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses.

**Fjárskýli í landi Brekku í Núpasveit, og Sveltingi í landi Daðastaða í Öxarfjarðarhreppi.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ætlunin er að gera könnunarskurði í fjárskýli í landi Brekku í Núpasveit í Norður-Þingeyjarsýslu og könnunarskurð í veg í Sveltingi í landi Daðastaða í Öxarfjarðarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Stjórnandi Oscar Aldred M.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Kuml á Daðastaðaleiti í landi Lyngbrekku í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.** Tilgangur rannsóknarinnar er að grafa upp leifar kumls sem hefur verið raskað fyrir á tímum. Stjórnandi Adolf Friðriksson M.Phil., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Austur- og Vesturdalur í Skagafirði.** Rannsókn vegna ritunar Byggðasögu Skagfirðinga. Ætlunin er að taka litla profuskurði í vegg í utanverðum byggingum á völdum stöðum til þess að kanna aldur og fá staðfestingu á að um mannvistaleifar sé að ræða. Stjórnandi Guðný Zoëga M.Sc., Byggðasafn Skagfirðinga.

**Dys við Magnavík í landi Valþjófsstaða, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.** Tilgangur rannsóknarinnar er að ganga úr skugga um að þústin við Magnavík sé kuml eða náttúrumyndun. Ef þústin reynist kuml verður hún rannsökuð í þeim tilgangi að afla upplýsinga um kumlgerðir við landamerki og reiðleiðir. Stjórnandi Adolf Friðriksson, M.Phil., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu.** Tilgangur rannsóknarinnar er að reyna að komast af því frá hvaða tíma garðlögin eru í Suður-Þingeyjarsýslu. Gerðir verða 1-4 könnunarskurðir á 10 stöðum til að ganga úr skugga um það. Stjórnandi Oscar Aldred, M.A., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Skriðuklaustur í Fljótsdal.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á gerð og uppbyggingu munkaklausturs. Stjórnandi: Steinunn Kristjánsdóttir fil.dr. Skriðuklaustursrannsóknir.

**Tvær rústir á Hálsi við Kárahnjúka.** Rannsókn vegna virkjanaf framkvæmda á hálendinu norðan Vatnajökuls. Stjórnandi: Gavin M. Lucas Ph.D., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Hólmur í Nesjum.** Rannsókn á skála. Minjarnar verða rannsakaðar með tilliti til formgerðar, byggingatækni og uppruna. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson Fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ á Síðu. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**Skálholt, Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði biskupssetursins í Skálholti. Stjórnandi Mjöll Snæs-dóttir fil.kand., Fornleifastofnun Íslands ses.

**Lindin, forn vatnsveitustokkur í Herjólfssdal, Vestmannaeyjum.** Rannsókn á fornum vatnsveitustokk í Herjólfssdal Tilgangur rannsóknar er að hreinsa, ljósmynda og teikna stokkinn og verja hann vegna framkvæmda á svæðinu. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**Eyðibýlið Salthöfði, Fagurhólsmýri í Örafum.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði. Hreinsað frá minjum. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**Búðarárbakki í Hrunamannahreppi.** Rannsókn á rústum Búðarárbakka í Hrunamannafrétti. Stjórnandi Kristján Mímisson M.A., Fornleifafræðistofan ehf.

**Þingvellir, Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á þingstað. Stjórnandi Adolf Friðriksson M.phil., Fornleifastofnun Íslands ses.



Traðarsel í landi Mosfellsbæjar

## Skráning fornleifa

Eitt brýnasta verkefni minjavörslunnar er að stuðla að skráningu fornleifa í landinu. Við Íslendingar eigum langt í land með að fyrstu umferð skráningar fornleifa sé lokið og stöndum því nágrönnum okkar á Norðurlöndum langt að baki.

Í janúar 2005 var Sólborg Una Pálsdóttir ráðin verkefnastjóri skráningarmála hjá Fornleifavernd ríkisins. Sólborg er með BA-próf í sagnfræði frá HÍ og MSc gráðu í Archaeological Information Systems frá háskólanum í York, Englandi. Fyrsta verkefni Sólborgar var að gera grein fyrir stöðu skráningarmála á Íslandi. Í mars 2005 lagði Fornleifavernd ríkisins fram greinargerð til Menntamálaráðuneytis um stöðu skráningarmála fornleifa á Íslandi og þá sérstaklega um gagnagrunna á því sviði. Í desember 2005 var svo lögð fram ítarlegri greinargerð um stöðu skráningarmála ásamt skilgreiningu á þörfum Fornleifaverndar hvað aðgang að upplýsingum varðar og miðlun þeirra.

Í töluverðan tíma hefur mönnum verið það ljóst að nauðsynlegt er að byggja upp einn heildargagnagrunn fyrir fornleifaskráningu á landinu. Sá gagnagrunnur hefði það sem meginmarkmið að safna saman á einn stað upplýsingum um fornleifar á Íslandi og gera þær aðgengilegar almenningi, rannsakendum, minjavörslu, landeigendum og framkvæmdaraðilum. Þrátt fyrir þetta hefur ekki tekist að finna lausn á þessu máli og enn hefur ekki tekist að fá heildaryfirlit yfir fornleifar í landinu. Ástæðurnar eru ýmsar. Í fyrsta lagi erum við enn skammt á veg komin með fyrstu umferð skráningar á landinu, líklega er eftir að skrá um 70% fornleifa. Í öðru lagi hafa skráningaraðilar ekki komið sér saman um einn gagnagrunn, eina skráningaraðferð eða skráningarstaðla. Hver og einn skráir í sinn gagnagrunn eftir sínum aðferðum.

Undanfarin ár hefur þó ýmislegt breyst hvað minjavörslu varðar. Árið 2001 tók Fornleifavernd ríkisins til starfa en eitt af meginmarkmiðum hennar er að vernda menningararf þjóðarinnar. Hér er komin stofnun sem hefur alla burði til að geta sinnt skilvirkri og markvissri minjavörslu en til þess þarf hún, jafn nú sem áður, heildaryfirlit yfir fornleifar í landinu, vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifa, og tæki og tól til að safna og miðla upplýsingunum. Fyrsta skrefið í þessa átt er að gefa út samræmda skráningarstaðla. Næsta skref er að byggja upp gagnagrunns-

kerfi sem haldið getur utan um allar aðgerðir er tengjast fornleifum í landinu og getur veitt upplýsingar hratt og örugglega um fornleifar í samhengi við framkvæmdir. Þriðja skrefið verður svo að auka skilning ríkis og sveitarfélaga á að hraða fyrstu umferð skráningar fornleifa því eins og oft hefur verið bent á þá er ekki hægt að vernda minjastaði nema að þekkja tilvist þeirra og staðsetningu.

Annað meginverkefni verkefnisstjóra var því að vinna að samræmingu, eða stöðlun fornleifaskráningar. Með stöðlunum er alls ekki verið að kollvarpa fyrri hugmyndum um fornleifaskráningu, síður en svo, hér er fremur verið að gera tilraun til að búa til heilsteypa skráningarstaðla og leiðbeiningar sem skráningaraðilar, minjavarslan, skipulagsyfirvöld og framkvæmdaraðilar geta notað í sinni vinnu. Í undirbúningsnefnd fyrir fyrstu drög skráningarstaðla fornleifa sátu ásamt verkefnisstjóra Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga og Sædis Gunnarsdóttir, starfsmaður Fornleifastofnunar Íslands ses.

Verkefnastjóri fór til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar og kynnti sér stöðu skráningarmála, sérstaklega gagnagrunna og miðlun upplýsinga um fornleifar, hjá minjavörslu viðkomandi landa. Er ljóst að við getum margt lært af frændum vorum og voru þeir mjög fúsir til samstarfs á þessu sviði.







Kirkjuvogur í Höfnum

---

## Kirkjuminjar

Samkvæmt þjóðminjalögum 2001/107 skal Fornleifavernd ríkisins halda nákvæmar skrár yfir minningarmörk og friðlýsa þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem talið er rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis. Minningarmörk eru þau verk í kirkjugörðum sem ætluð eru til að halda minningu hins látna á lofti, s.s. legsteinar, járnkrossar o.fl. Fornleifavernd veitir einnig kirkjugarðsstjórnnum eða sóknarnefndum ráðgjöf um varðveislu kirkjugripa og minningarmarka sem og annarra menningarminja.

Yfirumsjón með þessum málaflokki hefur Gunnar Bollason verkefnisstjóri.

Stærsta einstaka verkefni ársins var áframhaldandi ritun skýrslu um flokkun og lýsingu allra minningarmarka og leiðisumgjarða í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu. Hófst verkið með vettvangsrannsókn og gagnaöflun árið 2002. Auk þessa verkefnis vann verkefnisstjóri að ýmsum verkum öðrum fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasamband Íslands. Fyrri hluta ársins ritaði hann grein fyrir KGSÍ - „Í brúðkaup lambsins boðin er, blessuð upp rís nú hvílir hér...“. Ágrip af sögu minningarmarka og steinsmíði á Íslandi frá öndverðu fram á 20. öld.“ Var ætlunin að greinin yrði framlag Kirkjugarðasambandsins í sýningarrit sem Þjóðminjasafn Íslands hugðist gefa út vegna sýningar á útfararsíðum. Var sýningu þessari frestað vegna óviðráðanlegra orsaka og þá um leið útgáfu sýningarritsins. Bíður grein þessi því enn birtingar.

Þá ritaði verkefnisstjóri tvær greinar í *Bautasteinn* 1. tbl. 10. árg. 2005, sem gefinn er út af Kirkjugarðasambandi Íslands. Annars vegar greinina „Lágmyndir Thorvaldsens í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu“ og hins vegar „Gamlar myndir“.

Um mitt árið vann verkefnisstjóri ásamt Guðmundi Rafni Sigurðssyni, Einarí Sæmundsen og Martin Samtleben að gerð upplýsingaskilta fyrir Hólavallagarð í Reykjavík. Verkefnisstjóri var einn af höfundum texta á upplýsingaskiltin og tók þátt í vali á myndum. Þá var hann einnig einn af höfundum kynningarbæklinga um Hólavallagarð sem gefinn var út af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

Verkefnisstjóri fór í ferð um Eyjafjarðarprófastsdæmi dagana 29. ágúst til 2. september vegna skrifa í ritröðina *Kirkjur Íslands*. Þá fór hann einnig í skráningarferð til

Vestmannaeyja dagana 7. til 9. september vegna skráningar minningarmarka í Kjalarnesprófastsdæmi.

Á árinu lauk verkefnisstjóri skrifum um minningarmörk í *Kirkjur Íslands* vegna friðaðra kirkna í Skagafjarðarprófastsdæmi.

Verkefnisstjóri tók saman myndasýningu fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma síðsumars 2005 um viðgerðir á minningarmörkum og leiðisumgjörðum í Hólavallagarði sem send var utan vegna tilnefningar Kirkjugarðanna til norrænu umhverfisverðlaunanna.

Verkefnisstjóri vann að undirbúningi Evrópska menningarminjadagsins á Íslandi. Efni ársins var gamlir kirkjugarðar. Leiddi hann gesti um Útskálagarð þann 10. september og ritaði stuttan kynningarpistil í *Vikurfréttir* vegna menningarminjadagsins. Þá leiddi verkefnisstjóri gesti um Hólavallagarð á Menningarnótt í samstarfi við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.





Í Føreyjum

---

## Samstarf

Fornleifavernd ríkisins hefur unnið að því að efla tengsl við erlendar stjórn-sýslustofnanir á sviði fornleifaverndar, og auka samstarf við innlenda og erlenda aðila sem tengjast minjavörslu á einhvern hátt. Samstarfsverkefni eru mörg og fjölbreytileg og eru nokkur þeirra tilgreind hér.

Fornleifavernd ríkisins og Háskóli Íslands hófu samstarf um kennslu fornleifafræðinema. Meðal annars var um að ræða námskeið í fornleifavernd og fór kennslan fram á vorönn 2005.

Verkefnisstjóri kirkjuminja, Gunnar Bollason, sótti fund samstafshóps norrænna landstengla Evrópuminjadagsins (EHD coordinators) í Tallin í Eistlandi dagana 9. – 11. nóvember vegna sameiginlegrar dagskrár landanna á Evrópska menningarminjadeginum 2006. Efni dagskrárinnar var komu- og brottfararstaðir. Í hópnum voru fulltrúar Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Eistlands.

Fornleifavernd ríkisins tekur áfram þátt í norræna verkefninu “Skog og Kulturminder”. Sigurður Bergsteinsson sat fund verkefnahópsins í Noregi og hélt þar erindi um skógrækt og minjar, lagaumhverfi og stjórnsýslu á Íslandi.

Forstöðumaður Fornleifaverndar sat fund þjóðminjavarða Norðurlanda sem haldinn var í “Höga Kusten” í Svíþjóð. Þá sótti starfsmaður Fornleifaverndar fund í Osló á vegum norrænu þjóðminjavarðaembættanna sem fjallaði um tölvuskráningu minjastaða og miðlun upplýsinganna yfir netið. Sérstök áhersla var lögð á landfræðilegt upplýsingakerfi og möguleika þess.

Þá hélt áfram vinna við samstarfsverkefni Íslands, Noregs (Svalbarða) og Grænlands, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarminjar á norðurslóð. Verkefnið fór af stað í árslok 2003 og stendur fram til ársins 2005. Markmið verkefnisins er að skilgreina og leggja mat á valin þjóðminjaverndarsvæði (kulturmiljör) á Íslandi, Grænlandi og Svalbarða út frá sameiginlegri sögu landanna á norðurslóð og jafnframt að leggja drög að verndaráætlun fyrir þessi svæði.

**Skógrækt í sátt við umhverfið. Leiðbeiningar um nýræktun skóga.** Skógrækt veldur breytingum. Því er afar mikilvægt að

hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og eins að hún raski ekki náttúru- eða menningarminjum. Til þess að stuðla að því skipaði stjórn Skógræktarfélags Íslands starfshóp til að vinna að gerð leiðbeininga varðandi þessi atriði. Í hópnum voru auk fulltrúa Fornleifaverndar ríkisins, fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands, Fuglaverndunarfélaginu, Umhverfisstofnun, Landshlutabundnu skógræktarverkefnum, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skógrækt ríkisins.

Fornleifavernd tók þátt í norrænni ráðstefnu í Bergen 7. - 9. september 2005 um strandmenningu. Ráðstefnan var kostuð af Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur hennar var að kynna stöðu mála á Norðurlöndunum, hvað gert hefur verið til að kynna og varðveita strandminjar og strandmenningu í þátttökulöndunum. Einnig var ætlunin að vinna að tillögu að nýju norrænu strandmenningarverkefni. Frá Íslandi komu tveir fulltrúar sem báðir héldu erindi. Fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins, Agnes Stefánsdóttir, fjallaði um stöðu mála á Íslandi og fulltrúi Umhverfisstofnunar, Guðriður Þorvarðardóttir fjallaði um Breiðafjörð.





Konungssteinn við Geysi

## Verkefni minjavarða

Minjaverðir hafa umsjón með menningarminjum á minjasvæðinu og vinna að verndun þeirra, skráningu og kynningu og hafa með þeim eftirlit. Minjaverðir leitast við að kynna almenningi, sveitarstjórnnum, skipulagsaðilum og öðrum þeim er málið kann að varða þjóðminjalög, reglugerðir og réttar stjórnsýsluleiðir varðandi umhverfismat og skipulagsmál. Mikilvægt er að minjaverðir séu í góðu samstarfi við sveitarfélög á svæðinu, ekki síst í tengslum við skipulagsmál, en minjavörður veitir aðstoð og upplýsingar í tengslum við skráningu og varðveislu fornleifa.

### Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða Magnús A. Sigurðsson

Minjavörður Vesturlands hefur aðsetur í Stykkishólmi og leggur Stykkishólmsbær til húsnæði og hluta rekstrarfjár.

Á árinu komu fjölmörg skipulagsmál inn á borð minjavarðar, þar af þrjú af Vestfjörðum (sjá töflu 3 og 4 á bls. 9). Töluvert færri beiðnir um umsagnir vegna umhverfismat bærust minjaverði (sjá töflu 1 og 2 á bls. 7) enda lítið um stórfelldar framkvæmdir í þessum landshluta. Þó voru tvö svæði athuguð vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Annars vegar Múlavirkjun við sunnanverða Vatnaleið, hins vegar virkjun í landi Gríshóls í Helgafellssveit.

Í júní voru haldnir fjórir fundir á Vesturlandi og Vestfjörðum, með Kristínu Huld Sigurðardóttur, forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins, Sólveigu Georgsdóttur, sérfræðingi, og Ragnheiði Þórarinsdóttur frá menntamálaráðneytinu. Fundir voru haldnir á Hvanneyri, Stykkishólmi, Búðardal og Patreksfirði þar sem farið var yfir stefnumótun á sviði fornleifavörslu á Íslandi.



Minjavörður tók sæti í Breiðafjarðarnefnd í byrjun júlí 2000 sem fulltrúi Þjóðminjaráðs Íslands. Hann var síðan endurskipaður í nefndina um mitt ár 2004 sem fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins. Haldnir voru níu fundir á árinu 2005, en töluverð vinna fer í að reyna að koma Verndaráætlun Breiðafjarðar í framkvæmd. Meðal annars var haldið áfram samstarfi milli Breiðafjarðarnefndar, Loftmynda ehf. og Örnefnastofnunar um að setja örnefni inná loftmyndir. Einnig var farið í tveggja daga vettvangsferð í júlí um norðanverðan Breiðafjörð þar sem minjar og náttúra voru skoðuð í fylgd heimamanna og umhverfisráðherra.

### Minjavörður Norðurlands vestra Þór Hjaltalín

Skrifstofa minjavarðar er nú við Aðalgötu 2 á Sauðárkróki og deilir Fornleifavernd húsnæði þar með Náttúrustofu Norðurlands vestra. Nýr starfsmaður, Sólborg Una Pálsdóttir, gekk til liðs við stofnunina í ársbyrjum með aðsetur á Sauðárkróki. Meginverkefni hennar er umsjón fornleifaskráningar, en hún leysti jafnframt minjavörð af frá hausti 2005 er hann fór í námsleyfi til háskólans í York á Englandi til að stunda þar meistaranám í miðaldaforleifafræði.

Umsagnir um skipulagsmál og byggingareiti, gömul hús, umhverfismat og framkvæmdir ýmiskonar verða stöðugt fyrirferðarmeiri í starfi minjavarðar og hafa formlegar umsagnir aldrei verið fleiri. Auk þess kom fjöldi annarra afgreiðslumála af ýmsu tagi inn á borð minjavarðar. Nefna má beinafund í Finnstungu, skipsviði og akkeri á Skagatrönd, afskipti af vegafamkvæmdum í Skötufirði, afskipti af framkvæmdum við Sauða og stöðvun framkvæmda vegna hitaveitulagnar í Blönduhlíð í Skagafirði vegna rasks á minjum. Það mál fékk nokkra umfjöllun í ríkisútvarpinu. Má það heita merkilegt að slíkar stórfamkvæmdir eru

ekki matsskyldar. Ýmsir samráðsfundir voru haldnir með framkvæmdaraðilum, s.s. Vega-gerðinni, bæði á Sauðárkróki og Ísafirði. Fundur var haldinn með hreppsnefnd Akrahrepps um fornleifaskráningu vegna aðal- skipulags. Einnig var haldinn fundur með menntamála- og landbúnaðarráðuneyti um málefni Víðimýrar og Tyrfingsstaða. Í fram- haldinu vann Sólborg fornleifaskrá fyrir Víði- mýri.



Töluverð samskipti voru einnig við ýmsa rann- sóknaraðila á minjasvæðinu, m.a. Ragnheiði Traustadóttur og liðsmenn hennar á Hólum og rannsóknarhóp Bandaríkjamannanna, John Steinberg og félagar, sem rannsakað hafa búsetuminjar í Langholti í Skagafirði undanfarin ár. Í tengslum við úttekt friðlýstra minja hefur minjavörður einnig undanfarin ár tekið þátt í rannsóknarleiðöngnum í Austur- og Vesturdal í samstarfi við Hjalta Pálsson byggðasöguritari og Guðnýju Zoëga fornleifafræðing hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Uppgröftur fór fram á Sandgili í Austurdal, en einnig var farið upp á Öxnadalshéið og grafið á Blómsturvöllum og Grund. Minjavörður stóð einnig fyrir minniháttar fornleifauppgrefti í Norðurárdal þar sem kanna þurfti eðli og umfang minja þar vegna fyrirhugaðra vegafamkvæmda. Sömuleiðis fór fram fornleifaönnun á Örlygsstöðum til að afla upplýsinga um aldur minjanna þar, en þær eru friðlýstar.

*Vatnsdæluverkefnið*, sem unnið er í samstarfi Fornleifaverndar, Atvinnuþróunarfélags Nv., Byggðasafns Húnvetninga o.fl. aðila, hefur smám saman undið upp á sig. Unnið hefur

verið að því að veita upplýsingar og gera aðgengilegar minjastaði í Vatnsdal og voru sett upp vegaskilti við Ljótunnarkinn, Jökul- staði og Þórdísarholt. Reynt hefur verið eftir megni að styðja við uppbyggingu á Þing- eyrum, en framkvæmdir eru að hefjast við þjónustuhús þar á staðnum. Sat minjavörður fund á Biskupsstofu þar sem rætt var um fjár- mögnun framkvæmdanna. Unnið hefur verið að því að fá staðarvörð til að taka á móti og leiðsegja ferðamönnum á Þingeyrum. Fundur var haldinn í Samgönguráðuneytinu þar sem fjármagn var tryggt til næstu 3 ára. Komið var upp upplýsingaskilti við Þingeyraafleggjarann um opnunartíma kirkjunnar.

Á árinu vann menntamálaráðuneytið að stefnumörkun í fornleifavernd á Íslandi, 2006- 2011 og voru kynningar og samráðsfundir haldnir með heimamönnum um land allt. Minjavörður undirbjó fjóra slíka fundi á minja- svæðinu, þ.e. á Ísafirði, Hólmavík, Reykjum í Hrutafirði og á Sauðárkróki. Áfram var unnið að úttekt friðlýstra minja, en fyrir utan rann- sóknarleiðangur í Austurdal, þá voru kannaðar rústir svokallaðrar Össurarlögréttu, en þær eru nú í hættu vegna ágangs Þverár, og er nauðsynlegt að bregðast við því. Minjavörður er þátttakandi í verkefninu *Kirkjur Íslands* og skrifaði töluvert á árinu í 5-6 bindi þessa rit- verks, þar sem fjallað er um friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi, en verkið var gefið út seinni hluta ársins.

Á ári hverju leggur minjavörður töluverða vinnu í opinbera fyrirlestra af ýmsu tagi, leiðsögn og kennslu. Á vorönn kenndi minjavörður á námskeiðinu *Fornleifavernd* á vegum forn- leifafræðiskorar Háskóla Íslands. Var það fólgið í fyrirlesturum, vettvangsferð og prófi. Samstarf hefur einnig verið við Hólaskóla um menntun *staðarvarða*, en það nám hefur verið í þróun undanfarin ár. Sömuleiðis hefur minja- vörður komið að kennslu fyrir fornleifafræði- nemendur við vettvangsskólann á Hólum undanfarin sumur, en skólanum er haldið úti í samstarfi við HÍ, og núna einnig í samvinnu við Oslóarháskóla. Í samstarfi við Náttúrufestu Norðurlands vestra hélt minjavörður úti fyrir- lestraröð á Sauðárkróki, *Saga, náttúra og menning*, en alls voru fengnir 11 fyrirlesarar á árinu sem fjölluðu um hin ýmsu málefni, þar á meðal undirritaður sem fjallaði um viðgerðir og viðhald tofbygginga. Minjavörður hélt jafnfram fyrirlestur um menningarlandslag og minjavörslu í Vatnsdal og Þingi á fundi þjóðminjavarða Norðurlanda, sem haldinn var á Íslandi að þessu sinni. Minjavörður fór einnig

í náms- og kynningarferð til Færeyja á árinu með fríðum flokki safnamanna.

Erlent samstarf hefur tekið nokkurn tíma. Afrakstur norræna samstarfsverkefnisins *Kulturmiljær i Arktis* kom út á árinu í skýrsluröð Norrænu ráðherranefndarinnar, Tema-Nord, (2005:552). Sömuleiðis var unnið að grein um björgunarrannsóknir sem byggir á erindi sem minjavörður hélt á EPAC- ráðstefnu í Vilnius.

### **Minjavörður Norðurlands eystra** Sigurður Bergsteinsson

Allt frá því að embætti minjavarðar Norðurlands eystra var sett á fót, hefur starfsstöð hans verið hjá Minjasafninu á Akureyri í Aðalstræti 58. Skrifstofa minjavarðar með öllu búnaði er framlag Héraðsnefndar Eyjafjarðar til rekstursins. Minjavörður nýtur því góðs af bóka- og skjalasafni safnsins og þekkingu starfsmanna þess.

Minjavörður er að jafnaði eini starfsmaður Fornleifaverndar á svæðinu. Minjavörður fékk slæmt brjós-klos um sumarið og var því óvinnufær mikinn hluta júlí og ágúst. Vegna þessa veitti Menntamálaráðuneytið stofnuninni leyfi til að ráða aðstoðarmann til að sinna aðkallandi málum á svæðinu. Hákon Jensson fornleifafræðingur var því ráðinn á svæðið frá lokum júlí til ágústloka.

Minjavörður Norðurlands eystra er í vinnuhópi sem fer yfir umsóknir um rannsóknarleyfi til fornleifarannsókna á landinu öllu, ásamt Kristínu Huld Sigurðardóttur forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins og Agnesi Stefánsdóttur deildarstjóra skipulagsmála.



Líkt og undanfarin ár þá voru fornleifarannsóknir með uppgrefti á minja-svæðinu margar miðað við aðra landshluta. Níu rannsóknir voru í Þingeyjarsýslum og fimm í Eyjafjarðarsýslu.

Að venju komu nokkur skipulagsmáls og umhverfismál inn á borð hjá minjaverði. Rétt er að draga fram eitt mál öðrum fremur en það er deiliskipulag við Búðartanga í Hrísey. Í ljós kom að ekkert tillit hafði verið tekið til skráðra fornleifa á skipulagssvæðinu sem aldrei kom til umsagnar eða athugunar Fornleifaverndar. Eftir vettvangsferð á staðinn krafðist minjavörður breytinga á skipulaginu með tilliti til skráðra fornleifa ásamt því að gerðir voru skurðir til að kanna umfang minjanna á svæðinu. Má draga þann lærdóm af þessu máli að sveitarfélög nýta sér ekki alltaf þær upplýsingar sem felast í fornleifaskráningu þrátt fyrir að hafa lagt í kostnað og fyrirhöfn vegna hennar.

Nokkuð var um að minjavörður væri kallaður út til að kanna eðli og umfang fornleifafundar. Á Litla-Hóli í Eyjafjarðarsveit skoðaði minjavörður ásamt aðstoðarmanni torf og grjóthleðslu sem kom í ljós þegar verið var að reisa þar kartöflugeymslu. Sniðið var hreinsað á kafla og mátti þar sjá eldstæði með kola- og gjallleifum. Þetta voru greinileg merki smiðju en erfitt að segja til um aldur, líklega þó fyrsta mannvirkið sem byggt var á þessum stað. Minjavörður, ásamt aðstoðarmanni, voru fengnir til að skoða minjar í Möðrudal á Fjöllum sem komu upp þegar verið var að gera nýja stétt framan við kirkjugarðinn. Þar hafði komið í ljós nokkuð stór hella, um 60 cm breið, sem hafði brotnað. Þegar starfsmenn Fornleifaverndar komu á staðinn var búið að



fjarlægja allt nema það sem sást í bakkanum. Því er í raun ekkert hægt að segja til um aldur né hvers eðlis þetta mannvirki hefur verið.

Minjavörður hélt nokkra fyrirlestra á árinu sem flestir fjölluðu um hinn merkilega fund á "Fjallkonunni", 10. aldar leifar konu við Afreittarskarð við Seyðisfjörð. Minjavörður fjallaði um Fjallkonuna á ráðstefnu Félags Íslenskra fornleifafræðinga, á fundi Stoðar, stuðningshóps Minjasafnsins á Akureyri, á samkomu Rotaryklúbbs Akureyrar, og hélt opunarerindi um sama efni á landsbyggðaráðstefnu Sagnfræðingafélags og Þjóðfræðingafélags Íslands á Eiðum.

Minjavörður tók þátt í og undirbjó fundi á minjasvæðinu um stefnumörkun í fornleifavernd. Voru þeir annars vegar haldnir í Zontahúsinu á Akureyri og hins vegar í Safnahúsinu á Húsavík.

### **Minjavörður Austurlands** Inga Sóley Kristjónudóttir



Nýr minjavörður, Inga Sóley Kristjónudóttir, tók til starfa árið 2005. Inga Sóley er með BA próf í Miðaldaforaleifafræði við Afdeling for Middelalderarkæologi, Aarhus Universitet, Danmörk, og meistaraþróf í Viking Age and Early Medieval Studies við Institutet för Arkeologi och Antik Historia, Uppsala Universitet Svíþjóð. Skrifstofa minjavarðar var á árinu flutt um set, að Tjarnarbraut 39a, Egilsstöðum en minjavörður hafði áður verið með aðstöðu á minjasafninu.



Fyrsta starfsár hins nýja minjavarðar fór fyrst og fremst í kynningu á embættinu fyrir skipulagsaðilum, sveitarstjórnnum og menningarstofnunum á svæðinu auk hefðbundinna umsagna um skipulagsmál og aðrar framkvæmdir.

Sinna þurfti nokkrum málum í tengslum við virkunarframkvæmdir á Austurlandi og fyrirhugað álver. Til dæmis tók minjavörður þátt í fundum vegna fornleifauppgrafter í Reykjasefi og veitti umsögn um Fljótsdalslínu.

Þá tók minjavörður þátt í stefnumörkunarfundum um fornleifavernd á Íslandi, bæði með íbúum á Austurlandi og með starfsmönnum Fornleifaverndar.

### **Önnur minjasvæði**

Ekki hefur enn verið sett fjármagn í að ráða



minjaverði fyrir Vestfirði, Suðurland og Reykjanes. Fornleifavernd ríkisins hefur því ekki getað sinnt sinni lögbundnu skyldu að fullu en hefur reynt að bregðast við allra brýnustu verkefnum á þessu svæði með því að senda þangað starfsmenn af öðrum svæðum. Þannig hafa starfsmenn í Reykjavík reynt eftir fremsta megni að sinna Suðurlandi og Reykjanesi, en minjavörður Norðurlands vestra og minjavörður Vesturlands skipta Vestfjörðum á milli sín. Það má ljóst vera að fyrirkomulag sem þetta getur ekki gengið til langframa og hlýtur að koma niður á varðveislu minja á viðkomandi svæðum.



Samkvæmt núverandi þjóðminjalögum sinnir Borgarminjavörður, þ.e. forstöðumaður Minjasafns Reykjavíkur, minjavörslunni í Reykjavík.



Varða

---

## Fjármál

Fornleifavernd ríkisins er lítil stofnun, hefur að jafnaði níu starfsmenn á launaskrá, en sinnir stórum málaflokki sem er vernd fornleifa um allt land. Í því skyni rekur stofnunin fjórar starfsstöðvar á landsbyggðinni auk höfuðstöðva í Reykjavík. Stefnt er að því að minjaverðir starfi um allt land enda eru sum umdæmin mjög umfangsmikil en enn hefur ekki fengist fjármagn til þess verkefnis.

### Rekstrarreikningur árið 2005

	2005	2004
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	10.678.200	17.720.631
	<u>10.678.200</u>	<u>17.720.631</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	41.831.118	34.633.748
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4.278.295	3.195.314
Funda- og ferðakostnaður	2.575.591	2.774.915
Aðkeypt sérfræðipjónusta	1.646.535	4.311.293
Rekstur tækja og áhalda	1.698.442	1.782.268
Annar rekstrarkostnaður	888.701	1.522.596
Húsnæðiskostnaður	2.536.597	4.022.702
Bifreiðarekstur	3.735.859	3.509.171
	<u>59.217.018</u>	<u>55.752.007</u>
Eignakaup	1.239.046	416.485
	<u>60.456.064</u>	<u>56.168.492</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	(49.777.864)	(38.447.861)
Ríkisframlag	<u>43.442.000</u>	<u>38.100.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<u>(6.335.864)</u>	<u>(347.861)</u>



Sel í Hvassafellsdal

---

## Útgáfa og miðlun

### Útgáfa

Gunnar Bollason: „Lágmyndir Thorvaldsens í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu“, *Bautasteinn* 1. tbl. 10. árg. 2005 (Kirkjugarðasamband Íslands, Rv.).

Gunnar Bollason: „Gamlar myndir“, *Bautasteinn* 1. tbl. 10. árg. 2005 (Kirkjugarðasamband Íslands, Rv.).

Gunnar Bollason: Höfundur texta (nema um gróðurfar) á upplýsingaskiltum í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu sem sett voru upp 2005.

Gunnar Bollason: Höfundur texta (nema um gróðurfar) í kynningarbæklingi um Hólavallagarð útgefnum af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma 2005.

Gunnar Bollason: „Minningarmörk“, kaflar í umfjöllun um Goðdalakirkju, Hvammskirkju, Ketukirkju, Reyjakirkju, Reynistaðarkirkju, Sauðárkrókskirkju, Silfrastaðakirkju og Víðimýrarkirkju í *Kirkjur Íslands 5. Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*, Þjóðminjasafn Íslands - Húsafríðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins - Biskupsstofa, Reykjavík, 2005, bls. 43-44, 66, 90, 123-124, 159-161, 196-197, 226-227, 285-286.




Gunnar Bollason: „Minningarmörk“, kaflar í umfjöllun um Barðskirkju, Fellskirkju, Hofskirkju, Hofstaðakirkju, Knappstaðakirkju og Viðvíkurkirkju og höfundur kaflanna „Minningarmörk í klukkuturni“ og „Minningarmörk í kirkjugarði“ í umfjöllun um Hóladómkirkju í *Kirkjur Íslands 6. Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*, Þjóðminjasafn Íslands - Húsafríðunarnefnd ríkisins - Fornleifavernd ríkisins - Biskupsstofa, Reykjavík, 2005, bls. 30-31, 55-57, 112, 151-152, 214-219, 249, 274-275.

Gunnar Bollason: „Leiðsögn um Útskála-kirkjugarð“, *Vikurfréttir*, 8. september 2005.

Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon: *Granastaðir í Borgarbyggð. Forrannsókn í júlí 2005*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2005.

Sigurður Bergsteinsson: “Fjallkonan. Fundnarleifar 10. aldar konu við Afréttarskarð”, *Glettingur* 2005:1.



Sólborg Una Pálsdóttir: "Fornleifafræðileg gögn og landupplýsingakerfi", *Tímarit íslenskra háskólakvenna* 2005:1 (Félag íslenskra háskólakvenna og Kvenstúdentafélag Íslands, Rv., 2005), 7-9.



Sólborg Una Pálsdóttir: *Víðimýri í Skagafirði. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2005 (Rit Fornleifaverndar ríkisins 2005:1).

Þór Hjaltalín et. al: *Kulturmiljðer í Arktis. Prinsippur for bærekraftig forvaltning*. Tema-Nord 2005:552. Nordisk ministerråd. Kh., 2005.

Þór Hjaltalín: *Jökulsstaðir*. Textaskrif á skilti sem sett var upp á Jökulsstöðum í Vatnsdal. Ak. 2005.

Þór Hjaltalín: *Ljótunnarkinn*. Textaskrif á skilti sem sett var upp í Ási í Vatnsdal. Ak. 2005.

Þór Hjaltalín: Goðdalakirkja – Kirkjustaður. *Kirkjur Íslands* 5. bindi. *Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifa-

vernd ríkisins, Biskupsstofa, Rv. 2005, bls. 13-16.

Þór Hjaltalín: Reykjakirkja – Kirkjustaður. *Kirkjur Íslands* 5. bindi. *Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Rv. 2005, bls. 97-100.

Þór Hjaltalín: Reynistaðarkirkja – Kirkjustaður. *Kirkjur Íslands* 5. bindi. *Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Rv. 2005, bls. 131-137.

Þór Hjaltalín: Silfrastaðakirkja – Kirkjustaður. *Kirkjur Íslands* 5. bindi. *Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Rv. 2005, bls. 205-209.

Þór Hjaltalín: Hofsstaðakirkja – Kirkjustaður – Byggingarsaga kirkjunnar – Lýsing kirkjunnar – Byggingarlist kirkjunnar. *Kirkjur Íslands* 6. bindi. *Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Rv. 2005, bls. 119-138.

## Fyrirlestrar


Agnes Stefánsdóttir: Verndun strandminja. Staða mála á Íslandi. Erindi flutt á norrænni ráðstefnu um strandmenningu. Bergen, Noregi 7.-9. september 2005.

Sigurður Bergsteinsson: Fjallkonan. Erindi flutt á ráðstefnu Félags íslenskra fornleifafræðinga í Þjóðminjasafni Íslands 29. janúar 2005.

Sigurður Bergsteinsson: Um Fjallkonufundinn. Fyrirlestur fyrir Stoð, stuðningshóps Minjasafnsins á Akureyri. Akureyri 2005.

Sigurður Bergsteinsson: Var fjallkonan íslensk? Opunarerindi á landsbyggðaráðstefnu Sagnfræðifélags Íslands og Þjóðfræðingafélags Íslands á Eiðum 3.-4. júní 2005.

Sigurður Bergsteinsson: Fjallkonan. Erindi hjá Rotaryklúbbi Akureyrar. Akureyri, 21. október 2005.



Sigurður Bergsteinsson: Skovdyrkning og kulturminder i Island. Love og administration. Erindi flutt á fundi norræns verkefnahóps um skógrækt og minjar. Noregi, 27. október 2005.

Sólborg Una Pálsdóttir: Menning og miðlun. Fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og Minjavarðar Norðurlands vestra um sögu, náttúru og menningu. Sauðárkróki, 5. apríl 2005.

Sólborg Una Pálsdóttir: Minjar og landupp-lysingar. Ráðstefna ArcÍS, Reykjavík 20. maí 2005.

Sólborg Una Pálsdóttir: Fornleifaskráning. Kynning á stefnumörkunarfundum á Ísafirði og Hólmavík, júní 2005.



Þór Hjaltalín: *Torfbæjarinns margbreytilega náttúra – viðhald og verndun.* Erindi flutt á fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og minjavarðar Norðurlands vestra, Saga, náttúra og menning. Sauðárkróki, 8. feb. 2005.

Þór Hjaltalín: *Representativt utval av arktiska kulturmiljöer.* Erindi á fundi þjóðminjavarða Norðurlanda 10. júní 2005.





Í Vatnsfirði

---

## Starfsstöðvar og starfsfólk

---

Skrifstofur Fornleifaverndar ríkisins eru á á fimm stöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.

---

### Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556630, fax: 5556631  
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556634, fax: 5556631  
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556633, fax: 5556631  
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

### Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar

Gunnar Bollason  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556632, fax: 555663  
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

### Starfsmaður

Hákon Jensson  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556632, fax: 555663

### Sérfræðingur

Katrín Gunnarsdóttir  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556632, fax: 555663

### Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson  
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi  
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705  
Netfang: magnus@fornleifavernd.is



### Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998  
Netfang: thor@fornleifavernd.is

### Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson  
Aðalstræti 58, 600 Akureyri  
Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562  
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

### Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir  
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452  
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

### Verkefnastjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998  
Netfang: solborg@fornleifavernd.is



Skútinn skoðaður